



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR  
Fjarðarvegur 93, 810 Seyðisfjörður  
Tölvuborg 4804802, Síðaborg 964 Seyðisfjörður

Seyðisfirði 23. október 2018

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2023 - 2033, 174 – 173 mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023, 173. mál.

Undirrituð fyrir hönd Seyðisfjarðarkaupstaðar lýsir yfir miklum vonbrigðum með að Fjarðarheiðagöng séu ekki á dagskrá í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2023 – 2033 fyrr en á síðasta hluta áætlunarinnar. Sé farið yfir stöðu mála varðandi Seyðisfjarðarveg nr. 93 um Fjarðarheiði í hinu íslenska grunn vegakerfi í dag þá er víða þottur brotinn.

### Í kafla 1. Framtíðarsýn og meginmarkmið segir

að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið áætlana í samgöngu og sveitastjórnámálum eru að:  
Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins. Sjálfbærar byggðir um land allt.

Tillögur í þingsályktun þessari um fjárveitingar til einstakra málaflokka og tímasetningu þeirra, svo og til einstakra verkefna sem áhersla er lögð á að komist til framkvæmda á áætlunartímabilinu 2019–2033, byggjast á framangreindum meginmarkmiðum ásamt áherslum ráðherra og ríkisstjórnar.

Fyrir Seyðisfjarðarkaupstað munu þessi markmið kannski raungerast eftir 2033 ef áform ríkisstjórnar og ráðherra ná fram að ganga, því mótmælir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar harðlega. Með þessarri áætlun er verið að taka einasta vopn kaupstaðarins til að vaxa og dafna í takt við þessa fögru framtíðarsýn og markmið sem birtist í 1. kafla.

Kafli 2.1. Markmið um greiðar samgöngur verða því ekki í boði fyrir þá sem leggja leið sína til og frá Seyðisfirði fyrr en kannski eftir 2033. Búsetugæði verða ekki aukin, og skert aðgengi að vörum og þjónustu verður viðvarandi. Talar það mjög á móti þeim sameiningarviðræðum sveitarfélaga sem nú eru í gangi. Á 1741. fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar þann 17. október s.l. var samþykkt einróma að fara í formlegar sameiningarviðræður við Fijótsdalshérað, Djúpvavog og Borgarfjörð eystri.

*Sömuleiðis er ástæða til að mótmæla því að aðgengi fyrir ferðamenn og tryggar samgöngur fyrir fraktflutninga Norrænu verður áfram verulega ábótavant og langt frá markmiðum og*

framτίðarsýn ríkisstjórnarinnar og ráðherra sem birt er í þessum kafla.

Seyðisfjörður hefur mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og gæti eflst sem einn helsti ferðamannastaður landsins ef innviðaupbygging héldist í hendur við aðra þróun. Pungaflutningar um Fjarðarheiði hafa einnig aukist töluvert ár frá ári, en um 2000 flutningabílar fara um heiðina árlega. Með Norrænu er flutt inn um 20 þúsund tonn af vörum á ári og um 25 þúsund tonn af vörum eru flutt út með ferjunni.

Athygli er einnig vakin á því að um Fjarðarheiði fara 1500 manns á dag að meðaltali samkvæmt talningum Vegagerðarinnar, það eru um 560.000 manns á ári. Öryggi þessara vegfarenda er telft í tvísýnu með óbreyttu ástandi. Ferðamönnum á eigin bílum fjölga sífellt, óhöpp og slys að sama skapi.


Vakin er athygli á því að með því að stöðva gangaframkvæmdir í landinu um 10 ár eins og hér er boðað mun mikil þekking og reynsla glatast sem eru mikil og ómetanleg verðmæti.

Sú staða sem hér er uppi er algjörlega óviðunandi og ekki boðleg nú á 21. öldinni. Það er alsendist óvíst að Seyðisfjörður verði til í þeirri mynd sem hann er í dag ef bíða þarf í 15 ár eftir að byrjað verði kannski á gangagerð undir Fjarðarheiði. Samgöngur standa samfélaginu algjörlega fyrir þrífum, ferðaþjónusta, innflutningur og útflutningur eru öflugar stöðir atvinnulífsins sem sífellt er ógnað af ótryggum samgöngum.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur samþykkt Fjarðarheiðargöng sem forgangsmál í samgöngumálum Austurlands í fjölmörg ár. Síðast nú í september 2018.

**Skorað er á stjórnvöld að endurskoða þessar tillögu til þingsályktunar og að færa Fjarðarheiðargöng framur í framkvæmdaröðina. Þess er krafist að Fjarðarheiðargöng fari í framkvæmd ekki seinna en strax á eftir Dýrafjarðargöngum.**

F.h. bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

  
Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri

Fylgiskjöl.

1. Ályktun bæjarráðs Seyðisfjarðar .
2. Ályktun frá SSA
3. Samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar varðandi formlegar sameiningaviðræður við Fljótsdalshérað, Djúpavog og Borgarfjörð eystri.



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588  
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður  
Netfang: [stk@sfk.is](mailto:stk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

### Fylgiskjal 2.

## Útskrift úr 1741. fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem fram fór 17. október 2018

### Íður 10. Fjarðarheiðagöng – Ályktun bæjarstjórnar

Eftirfarandi tillaga að ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar er lögð fram og verður send á Alþingismenn og fjölmiðla:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með framlagða Samgönguáætlun og að Fjarðarheiðargöng séu ekki inn í 5 ára áætlun. Einnig hlýtur að vera eðlilegt að horfa til Fjarðarheiðarganga út frá Umferðaröryggisáætlun. Það eru allir sammála um að Fjarðarheiðin í núverandi ástandi er svartur blettur í samgöngukerfi landsins. Umferð um Fjarðarheiði hefur aukist verulega jafnt að vetri sem og sumri auk þess sem þungaflutningar hafa aukist mikið. Þá verður ekki framhjá því horft að vegurinn er þjóðvegur 1 til Evrópu.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ítrekar vilja sinn til gjaldtöku flýti það framkvæmdum.“

Til máls tók formaður bæjarráðs.

Fundarhlé kl. 16.59 – 17.22

Tillaga samþykkt með sjö greiddum atkvæðum.

Ályktun stjórnar vegna fréttáflutnings af óbirtri samgönguáætlun  
Sunnudagur, 23. september 2018 14:44

Stjórn SSA fundaði þann 21. september vegna fréttáflutnings af innihaldi óbirtrar samgönguáætlunar.  
Ákveðið var að senda eftirarandi ályktun til fjölmiðla, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, samgöngunefndar Alþingis og þingmanna kjördæmisins:

Ályktun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um væntanlega samgönguáætlun, samþykkt á fundi þann 21. september 2018 í ljósi fréttáflutnings af innihaldi væntanlegrar samgönguáætlunar lýsir stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) yfir miklum vonbrigðum með hlut Austurlands og þær miklu tafir sem við blasa hvað varðar nauðsynlegar samgöngubætur í fjórðungnum. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að undanfarin ár hafa nýframkvæmdir og viðhald vega á Austurlandi verið í algjöru lágmarki. Stjórn SSA krefst þess að hlutur Austurlands varðandi framkvæmdir í samgöngumálum verði réttur og tekið tillit til þeirrar forgangsriðunar samgönguframkvæmda sem samþykkt hefur verið ítrekað á vettvangi SSA. Í því samhengi má nefna Fjarðarheiðargöng, nýjan veg yfir Öxi auk fjölda brýnna viðhaldsverkefna víða í fjórðungnum sem SSA hefur ályktað um. Stjórn SSA telur eðlilegt að ráðherra og Alþingi fari eftir þeim áherslum sem mótaðar hafa verið af hálfu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í ljósi skorts á samráði skorar stjórnin á ráðherra að hefja nú þegar samráð við landshlutasamtökin áður en endanleg drög að samgönguáætlun verða lögð fyrir Alþingi. Verði það ekki gert er allt tal stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins orðin tóm.



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 - Sími: 470 2300 - Fax: 472 1588  
Pósthólf 15 - Hafnargata 44 - 710 Seyðisfjarður  
Netfang: [stk@stk.is](mailto:stk@stk.is) - Veffang: [www.seydisfjardur.is](http://www.seydisfjardur.is)

### Fylgiskjal 3.

## Útskrift úr 1741. fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem fram fór 17. október 2018

### 11. Sameiningarmál

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkir að skipa 3 fulltrúa í samstarfsnefnd sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna Borgarfjarðar eystri, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli niðurstöðu skoðanakönnunar á meðal íbúa umræddra sveitarfélaga, er framkvæmd var á vordögum 2018, en niðurstöður hennar sýndu vilja íbúa til sameiningar. Horft er til þess m.a. að sameining muni leiða til bættrar þjónustu, öflugri stjórnarsýslu og auknum líkum á að ná árangri í áherslum í byggða- og samgöngumálum er unnið hefur verið að árum saman.

Stefnt skal að því að samstarfsnefnd skili niðurstöðum til sveitarfélaganna þannig að hægt verði að leggja þær fyrir íbúa þeirra til ákvörðunar fyrir lok árs 2019 en samstarfsnefndinni er falið að setja verkefninu tímaramma og endurskoða hann eftir því sem verkefninu vindur fram. Fulltrúi Fljótsdalshéraðs skal boða samstarfsnefndina saman til fyrsta fundar.“

Tillaga að fulltrúum í sameiningarnefnd: Elvar Snær Kristjánsson D-listi, Eygló Björg Jóhannsdóttir B-listi og Hildur Þórisdóttir L-listi.

Tillaga samþykkt með sjö greiddum atkvæðum.